

## Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Ritrýnd grein birt 31. desember 2012

Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason  
og Andrea Hjálmsdóttir

# Bóklausir og bókaormar

## Tengsl menntunar og efnahags foreldra við yndislestur unglunga í alþjóðlegu ljósi

Rannsóknir sýna að bóklestur íslenskra unglunga hefur minnkað mikið á undanförunum áratugum. Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja fyrri vísbendingar um að þessu samdráttarskeiði sé lokið að sinni. Fleiri íslenskir unglingar lásu einhvern tíma bækur aðrar en skólabækur árið 2011 en 2007, þótt hlutfall þeirra sem lesa slíkar bækur daglega hafi haldist nær óbreytt. Þessir tveir hópar, bóklaus börn og bókaormar, reynast afar ólíkir þegar þeim er skipt eftir kyni. Bóklausum stelpum í 10. bekk grunnskóla fækkaði marktækt 2007–2011 en hvorki varð marktæk breyting á hlutfalli bóklausra stráka né á hlutfalli bókaorma meðal stráka eða stelpna. Niðurstöðurnar sýna að líkt og í öðrum Evrópulöndum tengist háskólamenntun foreldra á Íslandi marktækt lægra hlutfalli bóklausra nemenda og marktækt hærra hlutfalli bókaorma meðal stelpna. Þótt betri efnahagur heimila tengist auknum lestraráhuga unglunga víðast í Evrópu er lestraráhugi barna minni á betur efnuðum heimilum hér á landi. Menningarlegt auðmagn virðist því laustengdara stéttarstöðu foreldra hér á landi en annars staðar í Evrópu.

Brynhildur Þórarinsdóttir er dósent, Þóroddur Bjarnason prófessor og Andrea Hjálmsdóttir lektor. Þau starfa á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri.

### **Nonreaders and bookworms: The association of parental education and economic status with adolescent reading for enjoyment in an international perspective**

Research has shown a substantial decline in bookreading among Icelandic adolescents in past decades. The results of this study support previous findings that this period of decline is over for now. The number of 10<sup>th</sup> grade girls that never read books other than schoolbooks declined significantly 2007–2011 but there was not a significant change in the proportion of boys who never read, nor in the proportion of “book-worms” among boys or girls. As in other European countries, parental university education is significantly associated with a lower proportion of bookless students and a significantly higher proportion of female bookworms. Better economic situation of the home is associated with increased interest in reading books among adolescents in most European countries but decreased interest in Iceland. This suggests that cultural capital is less connected to parental class position in Iceland than in other European countries.

Brynhildur Þórarinsdóttir is associate professor, Þóroddur Bjarnason professor, and Andrea Hjálmsdóttir assistant professor, all at the School of Humanities and Social Sciences, University of Akureyri.

## Inngangur

Verulega hefur dregið úr bóklestri utan skóla meðal íslenskra barna og unglunga á undanförunum áratugum og áhugi þeirra á lestri bóka hefur minnkað umtalsvert (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2012; Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006; Þorbjörn Broddason, 1992; Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir, 2009; Þóroddur Bjarnason, 1994). Um fjórða hvert grunnskólabarn telst bóklaust, þ.e. les aldrei bækur aðrar en skólabækur og er það mun stærri hópur en sá sem bókaormarnir fylla, þ.e. börn sem lesa slíkar bækur nánast daglega. Hópur bóklausra nemenda hefur stækkað mjög á fáeinum áratugum og hópurinn sem les bækur annað slagð minnkað að sama skapi. Hópur bókaorma virðist nokkru stöðugri en hefur þó dregist nokkuð saman.

Rannsóknin *Börn og sjónvarp*, sem framkvæmd hefur verið síðan 1968, sýnir hnignun bóklestrar meðal 10–15 ára grunnskólabarna fram til ársins 2003. Árið 1968 höfðu 11% 10–15 ára barna enga bók lesið undangenginn mánuð en 2003 var það hlutfall komið í 33% (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). Guðný Guðbjörnsdóttir (2006) sýndi að sama skapi fram á að unglingar lásu minna í bókum 2005 en 1993 og 1965, og að þekking þeirra á bókmenntum fór minnkandi.

Þessi neikvæða þróun virðist hafa stöðvast, að minnsta kosti í bili, en samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar *Börn og sjónvarp* fækkaði lítillega í hópi bóklausra frá 2003 til 2009. Þó var hlutfall barna sem enga bók höfðu lesið næstliðinn mánuð enn mjög hátt eða 28% (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). Í evrópskri samanburðarrannsókn vorið 2007 mældist hlutfall bóklausra 10. bekkinga á Íslandi 23% samanborið við 21% að meðaltali í öðrum Evrópulöndum (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010). Íslensku unglungarnir voru í slöku meðallagi evrópskra nemenda en hlutfall bóklausra 15–16 ára barna þetta árið spannaði frá 8% í Albaníu til 34% í Króatíu. Lestarahestarnir reyndust hlutfallslega flestir í Armeníu eða 28% en fæstir í Slóveníu, 5%. Á Íslandi röðuðust 9% unglunganna í hóp lestrarhesta eða marktækt færri en meðaltal Evrópu sem var 11%.

Fremur dræmur áhugi íslenskra barna og unglunga á bóklestri endurspeglast í því að árangur 15 ára nemenda á Íslandi í lesskilningi hefur verið undir meðaltali OECD-landanna. Lesskilningur þeirra var á beinni niðurleið í upphafi 21. aldar skv. niðurstöðum PISA-prófanna 2000–2006 (Almar M. Halldórsson, 2006, 2011). Íslensku nemendurnir réttu hins vegar marktækt úr kútnum í PISA 2009 og stóðu sig þá álíka vel og íslenskir jafnaldrar þeirra höfðu gert árið 2000 (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson, 2010b). Breytingarnar endurspeglu þann viðsnúning sem mældist á lestraráhuga í rannsókninni *Börn og sjónvarp* 2009, enda eru skýr tengsl milli lestraráhuga eða ánægju af bóklestri og árangurs í lesskilningi (Almar M. Halldórsson, 2006; Strommen og Mates, 2004). Sé litið á árangur íslensku nemendanna í alþjóðlegu samhengi reyndust unglingar í 10 löndum standa sig að meðaltali betur í lesskilningi árið 2003, í 15 löndum árið 2006 en einungis 8 lönd voru ofar á listanum árið 2009 (Almar M. Halldórsson o.fl., 2010).

## Samspil yndislestrar við efnahag og menntun foreldra

Bókaáhugi barna kviknar oftast heima og hafa bæði foreldrar og heimilisaðstæður mótandi áhrif á lestrarvenjur barna. Börn sem telja má lestrarhesta eru þannig líklegri til að hafa alist upp við bóklestur, bæði að lesið sé fyrir þau og að lesið sé í kringum þau heima við (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009; Romme-Lund, 2007; Strommen og Mates, 2004). Áhugi á lestri bóka og lesskilningur tengjast nánnum böndum eins og PISA prófin hafa leitt í ljós (Almar M. Halldórsson, 2006, 2011) og góður lesskilningur er forsenda velgengni í mörgum námsgreinum. Því geta foreldrar stuðlað að bættum námsárangri með því að hvetja börn sín til yndislestrar.

Franski félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu notaði hugtakið *menningarlegur auður* til að skýra hlutverk skólakerfisins í viðhaldi og endursköpun efnahagslegs misréttis (Bourdieu, 1979, 1984; Bourdieu og Passeron, 1977). Hann taldi skólakerfið leggja áherslu á viðhorf, þekkingu og færni sem einkenna efri stéttir samfélagsins. Nemendum sem komi frá betur stæðum heimilum gangi almennt betur í námi vegna þess að skólakerfið sé þeim kunnuglegra og auðveldara viðfangs en þeim krökkum sem alin eru upp á heimilum sem ekki búa yfir menningarlegum auði efri stéttanna (Bourdieu, 1990, 1998). Þótt formlega séu allir nemendur mældir með sömu stikunni eru sumir líkt og innfæddir í menningu skólans á meðan aðrir eru eins og aðkomumenn í ókunnu landi. Skólakerfið umbreyti þannig í raun menningarbundnum björgum barna yfir í einstaklingsbundna „greind“ og „færni“ sem ráði miklu um stéttarstöðu þeirra síðar á lífsleiðinni.

Yfirgnæfandi meirihluti grunnskólakennara telur foreldra bera mikla ábyrgð á að hvetja börn sín til lestrar (Kristín Aðalsteinsdóttir o.fl., 2010), en á sama tíma metur skólakerfið frammistöðu í fjölmörgum námsgreinum sem krefjast lesskilnings sem einstaklingsbundinn árangur nemenda. Sé þannig litið á lestraráhuga og lesskilning barna sem ákveðna tegund menningarlegs auðs í skilningi Bourdieu mætti því búast við skýrum tengslum við stéttarstöðu foreldra. Í samræmi við það spáir bæði aukin menntun og hærri efnahagsstaða foreldra fyrir um meiri yndislestur evrópskra unglunga (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010). Börn í Evrópu sem áttu bæði föður og móður með háskólaþríf reyndust tvöfalt líklegri til að lesa bækur daglega árið 2007 en börn foreldra með grunnskólaþríf. Íslensku heimilin skáru sig ekki úr í þessu efni.

Í samræmi við kenningar Bourdieu um menningarlegan auð tengist betri efnahagur heimila víðast í Evrópu einnig auknum bóklestraráhuga unglunga (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010). Þessu var hins vegar öfugt farið hér á landi þar sem góð efnahagsleg staða tengdist minni bóklestraráhuga barnanna. Börn efnaðra foreldra reyndust ólíklegri til að lesa daglega bækur aðrar en skólabækur, jafnvel þótt foreldrarir væru með háskólaþríf. Þannig virtist aukin menntun foreldra auka líkurnar á því að börnin læsu slíkar bækur daglega en betri efnahagsleg staða minnka líkurnar á slíkum lestri (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010).

Í þessari rannsókn er sjónum beint að tengslum menntunar foreldra og efnahagsstöðu fjölskyldunnar við lestrarvenjur unglunga á grundvelli gagna ESPAD-rannsóknarinnar vorið 2011. Skoðað verður hvort neikvætt samband efnahagsstöðu og lestrar bóka annarra en skólabóka sé enn til staðar eftir efnahagshrun líkt og í ESPAD-rannsókninni sem fram fór í miðri efnahagsþenslunni vorið 2007. Jafnframt verður samspil menntunar og efnahagsstöðu greint nánar og prófað með tölfræðilegum hætti hvort líkindi þess að vera bóklaus eða bókaormur tengist slíku samspili menntunar og tekna með öðrum hætti á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum.

Ljóst er að lestrarvenjur barna og unglunga hafa breyst mikið á síðustu áratugum, meðal annars vegna tilkomu internetsins. Unglingar lesa t.d. oftar nettexa en bækur (Þóroddur Bjarnason, Birgir Guðmundsson og Kjartan Ólafsson, 2010) og færð hafa verið fyrir því rök að gagnvirk vefnotkun sé orðin hluti af læsi í skólasterfi (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2010). Hér er sjónum þó eingöngu beint að bóklestri enda hefur verið sýnt fram á sterkt samband milli áhuga á bóklestri og árangurs í lesskilningi (Almar M. Halldórsson, 2006, 2011; Strommen og Mates, 2004). Þannig spáir ánægja af bóklestri einna helst fyrir um árangur í lesskilningi í PISA-prófunum (Almar M. Halldórsson, 2011). Tengslin milli ánægju af bóklestri og námsárangurs í þessum prófum eru afar sterk en börn sem lesa bækur daglega sér til ánægju standa að meðaltali einu og hálfu skólaári framar en börn sem ekki stunda daglegan bóklestur þegar litið er á hinar alþjóðlegu niðurstöður (OECD, 2011). Þekking á bóklestri unglunga og þáttum sem hafa áhrif á hann skiptir því skólakerfið miklu máli.

## Aðferð og gögn

Rannsóknin byggist á spurningum sem lagðar voru fyrir 15–16 ára skólanema í tengslum við evrópsku vímuefnarannsóknina ESPAD vorið 2011 (Hibell o.fl., 2012; Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjalmsdóttir, í prentun). ESPAD-rannsóknin er unnin að tilstuðlan Evrópuráðsins (Pompidou Group, 2009) og Upplýsingamiðstöðvar Evrópusambandsins um vímuefni (EMCDDA, 2009). Alþjóðleg verkefnastjórn ESPAD er við CAN-stofnunina í Stokkhólmi en alþjóðlegur gagnabanki ESPAD-verkefnisins er starfræktur á vegum Rannsóknarseturs forvarna við Háskólann á Akureyri. ESPAD-rannsóknin hófst árið 1995 með þátttöku 26 Evrópulanda og hefur verið framkvæmd á fjögurra ára fresti frá þeim tíma. Gögnum var safnað í 37 löndum vorið 2011 en í tveimur löndum til viðbótar haustið 2011. Gögn bárust ekki frá eygni Mön á Írlandshafi og því skiluðu alls 38 þáttökulönd niðurstöðum. Alls tóku 112.105 skólanemar sem mættir voru á fyrirhaldningardag þátt í rannsókninni og var meðalaldur þeirra 15,8 ár. Svarhlutfall var á bilinu 79–95% í einstökum löndum.

Lágmarksúrtak í hverju þáttökulandi var 2.400 nemendur, 1.200 stúlkur og 1.200 piltar. Á Íslandi er ESPAD hins vegar þýðisrannsókn sem nær til allra nemenda sem skráðir eru í 10. bekk. Svarhlutfall nemenda var 81% og skýrðist það bæði af brottfalli skóla, einstakra bekkja og mætingu á fyrirhaldningardag. Í alþjóðlega gagnabankanum fyrir 2011 eru 3.333 íslenskir nemendur og er meðalaldur þeirra við fyrirlögn 15,7 ár.

Lestur skólanema var mældur með svörum nemenda við spurningu um hversu oft þeir lesa bækur aðrar en skólabækur. Niðurstöðurnar voru kóðaðar í tvær breytur þar sem annars vegar voru þeir sem aldrei lásu bækur aðrar en skólabækur, hér kallaðir bóklausir unglingar, og hins vegar þeir sem það gerðu nánast daglega, hér kallaðir bókaormar.

Menntun föður og móður var metin á fimm punkta kvarða (1: grunnskólapróf; 5: háskólapróf). Þessum tveimur breytum er hér tvískipt eftir því hvort foreldrar hafi stundað háskólanám eða ekki. Efnahagsleg staða fjölskyldunnar var metin með spurningu um hversu gott fjölskyldan hafi það fjárhagslega í samanburði við aðrar fjölskyldur í landinu (1: miklu verra; 7: miklu betra). Í eftirfarandi greiningu er efnahagsstöðu fjölskyldunnar þrískipt og hópar nemenda sem telja efnahagsstöðu fjölskyldunnar nálægt meðallagi bornir saman við þá hópa sem annars vegar telja efnahagsstöðuna nokkru eða miklu betri og hins vegar nokkru eða miklu verri.

Beitt var tvíhliða aðhvarfsgreiningu (e. *binary logistic regression*) til að finna þá þætti sem greina nemendur sem annars vegar lesa aldrei bækur og hins vegar lesa bækur nánast daglega sér til skemmtunar (Hosmer and Lemeshow, 1989; Norusis, 1990). Þannig eru fundin megináhrif menntunar foreldra og efnahagsstöðu fjölskyldunnar fyrir 15–16 ára nemendur í öllum þeim 38 Evrópulöndunum sem þátt tóku í ESPAD 2011. Til þess að meta hvort íslenskir nemendur séu frábrugðnir öðrum evrópskum nemendum er prófað hvort íslenskur uppruni hafi marktæk megináhrif á líkindi þess að lesa aldrei bækur eða lesa bækur nánast daglega. Jafnframt eru samvirkniáhrif íslensks uppruna og menntunar foreldra annars vegar og efnahagsstöðu fjölskyldunnar hins vegar prófuð til að meta hvort slíkir þættir hafi marktækt sterkari eða veikari áhrif á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum að meðaltali. Öryggisbil eru reiknuð miðað við 95% öryggi.

## Niðurstöður

Í *Töflu 1* kemur fram að um 30% 15–16 ára stráka í löndunum 38 lesa aldrei bækur aðrar en skólabækur. Hæst er hlutfallið meðal stráka um 49% í Króatíu og 47% í Belgíu en lægst tæplega 13% í Albaníu og Kósóvó. Á Íslandi er hlutfallið 28% og eru íslenskir strákar því í 26. sæti á þeim lista. Árið 2007 sögðust einnig 28% íslenskra stráka aldrei lesa bækur aðrar en skólabækur og hefur því engin breyting orðið á hlutfalli bóklausra stráka á þessu fjögurra ára tímabili.

Tafla 1 – Hlutfall evrópskra unglunga sem aldrei lesa bækur aðrar en skólábækur					
	Strákar	Hlutfall		Stelpur	Hlutfall
1	Króatía	48,8%	1	Króatía	25,0%
2	Belgía	47,0%	2	Mónakó	24,5%
3	Holland	44,8%	3	Bretland	22,9%
4	Liechtenstein	41,5%	4	Belgía	21,7%
5	Slóvenía	41,2%	5	Írland	21,5%
6	Serbía	38,0%	6	Holland	19,6%
7	Kýpur	36,6%	7	Ítalía	17,9%
8	Bosnía-Herzegóvína	36,5%	8	Bosnía-Herzegóvína	17,7%
9	Bretland	36,4%	9	Serbía	17,2%
10	Slóvakía	36,1%	10	Slóvenía	17,1%
11	Færeyjar	35,9%	11	Frakkland	16,5%
12	Grikkland	35,8%	12	Noregur	15,8%
13	Ítalía	35,8%	13	Kýpur	15,5%
14	Danmörk	35,3%	14	Slóvakía	15,4%
15	Noregur	34,6%	15	Færeyjar	15,2%
16	Tékkland	34,3%	16	Liechtenstein	15,1%
17	Pólland	33,5%	17	Grikkland	14,6%
18	Þýskaland	33,2%	18	Tékkland	13,6%
19	Frakkland	31,6%	<b>19</b>	<b>ÍSLAND</b>	<b>13,3%</b>
20	Írland	31,5%	20	Svíþjóð	12,6%
21	Mónakó	30,6%	21	Búlgaría	12,0%
22	Litháen	30,4%	22	Svartfjallaland	11,9%
23	Svíþjóð	30,2%	23	Danmörk	11,8%
24	Finnland	29,2%	24	Finnland	11,3%
25	Portúgal	29,0%	25	Rúmenía	10,4%
<b>26</b>	<b>ÍSLAND</b>	<b>28,0%</b>	26	Pólland	10,3%
27	Svartfjallaland	27,2%	27	Úkraína	10,2%
28	Búlgaría	25,7%	28	Portúgal	9,8%
29	Lettland	25,6%	29	Þýskaland	9,6%
30	Malta	19,9%	30	Malta	9,0%
31	Ungverjaland	19,6%	31	Lettland	8,1%
32	Eistland	19,3%	32	Litháen	7,8%
33	Úkraína	18,8%	33	Ungverjaland	7,7%
34	Rúmenía	15,7%	34	Moldóva	7,6%
35	Moldóva	15,3%	35	Kósóvó	7,2%
36	Rússland (Moskva)	13,1%	36	Eistland	6,3%
37	Kósóvó	12,7%	37	Rússland (Moskva)	5,0%
38	Albanía	12,6%	38	Albanía	2,7%
	<b>Meðaltal</b>	<b>30,3%</b>		<b>Meðaltal</b>	<b>13,5%</b>

Tafla 2 – Hlutfall evrópskra unglunga sem daglega lesa bækur aðrar en skólabækur					
	Strákar	Hlutfall		Stelpur	Hlutfall
1	Kósóvó	16,5%		1 Rússland (Moskva)	30,1%
2	Rússland (Moskva)	14,9%		2 Þýskaland	22,8%
3	Albanía	11,6%		3 Malta	21,6%
4	Írland	10,9%		4 Pólland	21,3%
5	Frakkland	10,0%		5 Albanía	20,4%
6	Malta	9,7%		6 Kósóvó	20,3%
7	Moldóva	8,7%		7 Írland	19,8%
8	Pólland	8,4%		8 Tékkland	18,7%
9	Úkraína	8,4%		9 Moldóva	18,4%
10	Svartfjallaland	7,4%		10 Ítalía	16,9%
11	Þýskaland	6,9%		11 Slóvakía	16,8%
12	Bretland	6,7%		12 Danmörk	16,8%
13	Tékkland	6,7%		13 Svíþjóð	16,5%
14	Ítalía	6,6%		14 Færeyjar	16,3%
15	Ungverjaland	6,4%		15 Frakkland	16,2%
16	Noregur	6,4%		16 Bretland	16,0%
17	<b>ÍSLAND</b>	6,3%		17 Lettland	15,6%
18	Svíþjóð	6,1%		18 Búlgaría	15,1%
19	Kýpur	6,0%		19 Noregur	14,7%
20	Færeyjar	5,9%		20 Ungverjaland	14,6%
21	Búlgaría	5,8%		21 Úkraína	14,6%
22	Danmörk	5,7%		22 Portúgal	13,7%
23	Liechtenstein	5,7%		23 Lítháen	13,6%
24	Slóvakía	5,6%		24 Svartfjallaland	13,4%
25	Rúmenía	5,4%		25 Finnland	13,1%
26	Portúgal	5,2%		26 <b>ÍSLAND</b>	12,9%
27	Finnland	5,2%		27 Liechtenstein	12,8%
28	Lettland	5,1%		28 Serbía	12,8%
29	Bosnía-Herzegóvina	5,0%		29 Eistland	12,6%
30	Mónakó	4,1%		30 Bosnía-Herzegóvina	12,6%
31	Grikkland	4,1%		31 Rúmenía	10,9%
32	Eistland	4,0%		32 Holland	10,5%
33	Holland	3,5%		33 Grikkland	10,4%
34	Serbía	3,5%		34 Belgía	10,2%
35	Lítháen	3,0%		35 Kýpur	9,0%
36	Króatía	3,0%		36 Mónakó	8,7%
37	Slóvenía	2,9%		37 Króatía	6,7%
38	Belgía	2,7%		38 Slóvenía	6,6%
	<b>Meðaltal</b>	<b>6,6%</b>		<b>Meðaltal</b>	<b>15,1%</b>

Mun færri stelpur lesa aldrei bækur aðrar en skólabækur eða tæplega 14% að meðaltali í þessum Evrópulöndum. Hæst er hlutfallið meðal stelpna um 25% í Króatíu og Mónakó en lægst 3–5% í Albaníu og Rússlandi (Moskvu). Meðal íslenskra stelpna er hlutfallið um 13% og eru þær því í 19. sæti af þessum 38 löndum. Til samanburðar sögðust 17% íslenskra stelpna aldrei lesa bækur aðrar en skólabækur árið 2007 og hefur bóklausum stelpum á Íslandi því fækkað marktækt, kíkvaðrat (1, N=1.616)=8,00, p. < 0,01).

Sé á hinn bóginn litið til hlutfalls nemenda sem daglega lesa bækur aðrar en skólabækur kemur nokkuð önnur mynd í ljós. Eins og sést í *Töflu 2* lesa að meðaltali tæplega 7% 15–16 ára stráka í löndunum 38 bækur aðrar en skólabækur á hverjum degi. Hæst er hlutfallið meðal stráka tæplega 17% í Kósóvó og 15% í Rússlandi (Moskvu) en lægst um 3–4% í allmörgum löndum. Á Íslandi er hlutfallið 6% og eru íslenskir strákar því í 17. sæti á þeim lista. Til samanburðar sögðust 8% íslenskra stráka daglega lesa bækur aðrar en skólabækur árið 2007 sem er ekki marktæk breyting.

Mun fleiri stelpur lesa daglega bækur aðrar en skólabækur eða 15% að meðaltali í þessum Evrópulöndum. Hæst er hlutfallið meðal stelpna 30% í Rússlandi (Moskvu) og 23% í Þýskalandi en lægst 7% í Slóveníu og Króatíu. Meðal íslenskra stúlkna er hlutfallið 13% og eru þær því í 26. sæti af þessum 38 löndum. Árið 2007 sögðust 11% íslenskra stelpna aldrei lesa bækur aðrar en skólabækur og hefur því ekki orðið marktæk breyting á hlutfalli bókaorma meðal stúlkna á þessu fjögurra ára tímabili.

Í *Töflu 3* má sjá niðurstöður tvíhliða aðhvarfsgreiningar á líkindum þess að evrópskir skólanemar lesi aldrei bækur aðrar en skólabækur. Íslenskir strákar eru ekki marktækt frábrugðnir meðaltali Evrópu að þessu leyti þegar tekið hefur verið tillit til bakgrunns. Í Evrópu í heild eru líkindi á bókleysi umtalsvert og tölfræðilega marktækt minni hjá sonum háskólamenntaðra feðra (OR: 0,77) og mæðra (OR: 0,77). Sambandið við háskólamenntun feðra er marktækt sterkara meðal íslenskra stráka (1x2) en jafnaldra þeirra í hinum löndunum (OR:  $\exp(-0,26-0,39)=0,52$ ). Hins vegar eru líkurnar á bókleysi evrópskra nemenda almennt ekki marktækt ólíkar eftir efnahagsstöðu fjölskyldunnar. Hér skera íslenskir strákar sig þó verulega frá jafnöldrum sínum annars staðar (1x4) að því leyti að lægri efnahagsstaða tengist marktækt minna bókleysi en miðlungs eða há efnahagsstaða (OR:  $\exp(0,03-0,26)=0,79$ ).

**Tafla 3 – Líkur (OR) eftir félagslegum bakgrunni á að evrópskir nemendur lesi aldrei bækur aðrar en skólabækur**

	Strákar	OR	Öryggisbil	Stelpur	OR	Öryggisbil
(1) Ísland	0,16 <sup>ó</sup>	1,17	0,98–1,39	0,06 <sup>ó</sup>	1,06	0,91–1,23
(2) Faðir með háskólapróf	-0,26***	0,77	0,73–0,81	-0,31***	0,73	0,69–0,79
(3) Móðir með háskólapróf	-0,26***	0,77	0,74–0,81	-0,26***	0,77	0,72–0,82
(4) Lág efnahagsstaða	0,03 <sup>ó</sup>	1,03	0,99–1,08	0,02 <sup>ó</sup>	1,02	0,96–1,09
(5) Há efnahagsstaða	0,00 <sup>ó</sup>	1,00	0,95–1,06	0,08 <sup>ó</sup>	1,08	0,99–1,18
(6) 1 x 2	-0,39***	0,68	0,53–0,86			
(7) 1 x 3						
(8) 1 x 4	-0,26*	0,77	0,62–0,96			
(9) 1 x 5						

ó Ómarktækt

\* p. < 0,05

\*\* p. < 0,01

\*\*\* p. < 0,001

Hlutfall bókleysis meðal íslenskra stelpna er heldur ekki marktækt frábrugðið meðaltali Evrópu þegar tekið hefur verið tillit til bakgrunns þeirra. Í Evrópu í heild eru líkindi á bókleysi umtalsvert og tölfræðilega marktækt minni hjá dætrum háskólamenntaðra feðra (OR: 0,73) og mæðra (OR: 0,77). Líkurnar á bókleysi eru þær sömu hjá evrópskum stelpum óháð efnahagsstöðu. Ólíkt strákum er ekki marktækt munur á slíkum mynstrum milli íslenskra stúlkna og jafnaldra þeirra í Evrópu.

Í töflu fjögur má sjá niðurstöður tvíhliða aðhvarfsgreiningar á líkindum þess að evrópskir skólanemar lesi daglega bækur aðrar en skólabækur. Íslenskir strákar eru ekki marktækt líklegri til þess en aðrir strákar þegar tekið hefur verið tillit til bakgrunns þeirra. Í Evrópu í heild eru líkindi á daglegum bóklestri umtalsvert og tölfræðilega marktækt meiri hjá sonum háskólamenntaðra feðra (OR: 1,38) og mæðra (OR: 1,30). Samband háskólamenntunar feðra við daglegan lestur er hins vegar ómarktækt (OR:  $\exp(0,32-0,40)=1,08$ ) á Íslandi (1x2). Meðal evrópskra stráka tengist há efnahagsstaða marktækt meiri líkum á daglegum bóklestri en meðal íslenskra stráka (1x5) er þetta samband hins vegar marktækt neikvætt (OR:  $\exp(0,11-0,54)=0,65$ ).

Tafla 4 – Líkur (OR) eftir félagslegum bakgrunni á að evrópskir nemendur lesi daglega bækur aðrar en skólabækur						
	Strákar	OR	Öryggisbil	Stelpur	OR	Öryggisbil
(1) Ísland	0,22 <sup>ó</sup>	1,24	0,96–1,62	-0,58***	0,56	0,44–0,72
(2) Faðir með háskólapróf	0,32***	1,38	1,27–1,51	0,27***	1,31	1,24–1,39
(3) Móðir með háskólapróf	0,27***	1,30	1,20–1,42	0,18***	1,19	1,13–1,26
(4) Lág efnahagsstaða	-0,12***	0,88	0,82–0,96	-0,05 <sup>ó</sup>	0,95	0,90–1,01
(5) Há efnahagsstaða	0,11*	1,12	1,01–1,24	0,09*	1,09	1,02–1,18
(6) 1 x 2	-0,40*	0,67	0,44–0,99			
(7) 1 x 3						
(8) 1 x 4				0,61***	1,84	1,35–2,51
(9) 1 x 5	-0,54*	0,58	0,35–0,98			

ó Ómarktækt

\* p. < 0,05

\*\* p. < 0,01

\*\*\* p. < 0,001

Ólíkt strákum eru íslenskar stelpur marktækt ólíklegri (OR: 0,56) en aðrar stelpur til að lesa daglega bækur aðrar en skólabækur þegar tekið hefur verið tillit til bakgrunns þeirra. Í Evrópu í heild eru líkindi á daglegum bóklestri umtalsvert og tölfræðilega marktækt meiri hjá dætrum háskólamenntaðra feðra (OR: 1,31) og mæðra (OR: 1,19). Þá eru líkurnar á daglegum bóklestri marktækt meiri meðal evrópskra stúlkna þegar efnahagsstaða fjölskyldunnar er góð. Meðal íslenskra stúlkna (1x4) tengist lág efnahagsstaða fjölskyldunnar jafnframt marktækt hærrí líkum samanborið við miðlungs efnahagsstöðu (OR:  $\exp(-0,05+0,61)=1,75$ ).

## Umræða

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að lífskjör íslenskra barna og unglunga eru að mörgu leyti betri en þau voru fyrir efnahagshrun. Milli árána 2006 og 2010 varð sú breyting að nemendur í 6., 8. og 10 bekk grunnskóla um allt land borðuðu oftast morgunverð, drukku sjaldnar áfengi og borðuðu sjaldnar sælgæti, horfðu minna á sjónvarp, líkaði betur í skóla og lífsánægja þeirra jókst (Þóroddur Bjarnason, Andrea Hjálmsdóttir og Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2010a, 2010b, 2010c, 2010d). Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna jafnframt að



marktækt færri stúlkur í 10. bekk grunnskóla lásu enga bók aðra en skólabækur vorið 2011 en verið hafði vorið 2007. Engin breyting varð á hlutfalli bóklausra stráka og breyting á hlutfalli stelpna og stráka sem daglega lesa slíkar bækur var ekki tölfraðilega marktæk.

Þessar niðurstöður renna frekari stoðum undir fyrri vísbendingar um að samdráttarskeiði í bóklestri grunnskólanema sé lokið, í bili að minnsta kosti (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). Engu að síður er bóklestur barna og unglunga umtalsvert minni en meðal fyrri kynslóða barna á undangengnum áratugum. Stór hópur barna les aldrei bækur aðrar en skólabækur og lítill hópur hefur unun af bóklestri. Þetta er raunin hér á landi og alls staðar í nágrannalöndunum, hvort sem stuðst er við evrópsku ESPAD-rannsóknina (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010), PISA-rannsókn OECD-ríkjanna (Almar M. Halldórsson o.fl., 2010) eða innlendar rannsóknir á borð við *Börn og sjónvarp* (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). Um fjórða hvert barn á Íslandi opnar ekki bók utan skólans og upplifir því aldrei þá ánægju af bóklestri sem er undirstaða lesskilnings.

Lítill áhugi barna og unglunga á Íslandi á bóklestri hefur raunar lengi valdið skólafólki áhyggjum. Með nýrri menntastefnu er brugðist við með því að gera læsi að einum af sex grunnþáttum aðalnámskrár. Þar með ber að leggja mun meiri áherslu á margbreytilegan lestur og lesskilning en hingað til í skólastarfi (Menntamálaráðuneytið, 2012). Miklu skiptir að beina sjónum að yndislestri barna og unglunga enda eru skýr tengsl milli lestraráhuga og lesskilnings (Almar M. Halldórsson, 2006; Strommen og Mates, 2004). Sterkustu forspárþættir fyrir árangri í íslensku eru til að mynda þeir sömu fyrir drengi og stúlkur; stjórn á eigin árangri og ánægja af bóklestri (Almar M. Halldórsson, 2011). Enn fremur liggur fyrir að unglingar hérlandis hafa haft áberandi minni áhuga á lestri bóka en jafnaldrar þeirra í þeim löndum þar sem lesskilningur er að meðaltali betri (Almar M. Halldórsson, 2006).

Lestrarvenjur unga fólksins hafa mun fleiri snertifleti en þá sem rúmast innan veggja skólans. Lestraráhugi og þar með lesskilningur varðar félagslega stöðu barna og unglunga og tækifæri þeirra til menntunar. Fyrir réttum tuttugu árum varaði Þorbjörn Broddason (1992), upphafsmaður rannsóknarinnar *Börn og sjónvarp*, við því að hér sprytti upp ólæs eða háflæs minnihluti innan um bókaþjóðina. Í Danmörku var þessi hættu viðurkennd árið 2003 með því að ráðuneyti mennta-, menningar- og félagsmála hófu sameiginlegt lestrarátak á landsvísi (Sørensen og Damgaard, 2008). Bretar líta með sama hætti á lestrarvenjur, þ.e. lítinn bóklestur, sem félagslegt vandamál ekki síður en menntunarlegt, og þar er með ýmsum hætti reynt að fá börn af fátækum verkamannafjölskyldum til að lesa meira utan skólans (National Literacy Trust, 2012). Íslendingar hafa ekki tileinkað sér þessa nálgun þótt hugtakið læsi hafi fengið víðari skírskotunar í aðalnámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Hér hefur bóklestur barna ekki verið tengdur með kerfisbundnum hætti við félagslega stöðu fjölskyldunnar í opinberri stefnumörkun.

Lestraráhugi og lesskilningur haldast í hendur og góður lesskilningur er forsenda velgengni í mörgum námsgreinum. Sé litið á lestraráhuga og lesskilning barna sem ákveðna tegund menningarlegs auðs í skilningi Bourdieu (1979, 1984; Bourdieu og Passeron, 1977) má gera ráð fyrir að stéttbundinn munur á hvatningu til lestrar stuðli að því að börn úr lægri stéttum nái síður árangri í skóla. Á Íslandi tengist háskólamenntun foreldra, foreldraeftirlit og stuðningur og eftirfylgd með námi betri námsárangri (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2010; Þórólfur Þórlindsson, Þóroddur Bjarnason og Inga D. Sigfúsdóttir, 2007).

Árið 2007 tengdist háskólamenntun foreldra í Evrópu auknum líkum á daglegum bóklestri unglunga og voru íslenskir unglingar þar engin undantekning (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010). Hins vegar tengdist betri efnahagur heimila víðast í Evrópu

auknum áhuga unglunga á bóklestri en hér landi gegndi öðru máli, þar tengdist betri efnahagur heimila minni áhuga unglunga á lestri bóka. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að þetta hefur ekki breyst eftir efnahagshrunið haustið 2008. Efnahagsstaða fjölskyldunnar tengist almennt ekki bókleysi evrópskra unglunga en bókaormar eru marktækt færri í fjölskyldum sem búa við lægri efnahagsstöðu. Þetta samrýmist að nokkru leyti hugmyndum Bourdieu um að menningarlegur auður endurspegli og endurskapi efnahagslega stéttaskiptingu. Á Íslandi eru strákar í lægri efnahagsstöðu hins vegar nokkuð ólíklegri til að vera bóklausir en um leið talsvert ólíklegri til að vera bókaormar. Með svipuðum hætti eru marktækt færri stelpur bókaormar í fjölskyldum sem búa við góðan efnahag en í fjölskyldum sem búa við miðlungs eða lága efnahagsstöðu. Þetta öfuga samband hefur einnig komið fram í fyrri rannsóknum og virðist vera ákveðið sérkenni íslensks lestrarsamfélags. Þessar niðurstöður benda eindregið til þess að sem menningarauður sé lestrarhvatning laustengdari stéttarstöðu foreldra hér á landi en ann-ars staðar í Evrópu.

Árið 2011 voru börn háskólamenntaðra foreldra í Evrópu marktækt ólíklegri til að vera bóklaus og var þetta samband sérstaklega sterkt meðal íslenskra stráka með háskólamenntaða feður. Með sama hætti voru háskólamenntaðir foreldrar marktækt líklegri til að eiga bókaorma af báðum kynjum. Líkt og annars staðar í Evrópu eykur háskólamenntun íslenskra mæðra líkurnar á daglegum lestri bóka annarra en skólabóka og dregur úr líkum á bókleysi bæði stráka og stelpna. Íslenskir strákar sem eiga háskólamenntaða feður eru með sama hætti ólíklegri til að vera bóklausir og er sambandið þar á milli mun sterkara en annars staðar í Evrópu.

Það vekur hins vegar athygli að strákar hérlendis, sem eiga háskólamenntaðan föður, eru ekki líklegri til að lesa daglega bækur aðrar en skólabækur, andstætt því sem gerist og gengur annars staðar í álfunni. Íslenskir feður með háskólamenntun virðast því einhverra hluta vegna ekki hvetja syni sína til að lesa bækur líkt og háskólamenntaðar mæður á Íslandi – og háskólamenntaðir feður annars staðar í Evrópu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það að á Íslandi sjái mæður frekar um að hvetja unga lestrarhesta áfram og halda þeim við efnið (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009). Niðurstöðurnar kunna að einhverju leyti að skýrast af slakari tengingu feðra við skólann en mæður virðast almennt bera meiri ábyrgð á heimanámi barna og hafa meiri áhrif á námsárangur en feður (Almar M. Halldórsson o.fl., 2010; Skóla og frístundasvið, 2012). Svo virðist sem íslenskir feður miðli síður af menningarlegum auði sínum til sona sinna og kann það að eiga jafnt við um háskólamenntaða feður og aðra feður.

Þessar niðurstöður vekja mikilvægar spurningar um félagslegt réttlæti og þeim þarf að bregðast við með frekari rannsóknum og starfi á vettvangi. Háskólamenntun foreldra virðist skila sér í auknum bóklestri unglunga sem aftur bætir lesskilning og styrkir þar með frammistöðu barna þeirra í fjölmörgum námsgreinum. Góð efnahagsstaða fjölskyldunnar kemur ekki í staðinn fyrir menntun foreldranna heldur dregur þvert á móti úr líkum á að börnin gerist bókaormar. Það má því segja að áhugi á bóklestri sé menningarlegur auður sem menntaðir foreldrar, einkum mæður, færa börnum sínum. Skólakerfið kann því sjálfkrafa að endurskapa misrétti í samfélaginu og raða nemendum í grófum dráttum eftir stöðu foreldranna. Það er því mikilvægt að huga að því með hvaða hætti er hægt að glæða lestraráhuga nemenda sem búa við minni hvatningu heima fyrir og vinna þannig gegn mismunun í skólakerfinu á grundvelli menntunar eða efnahags foreldra.

## Heimildir

Almar M. Halldórsson. (2006). *Lesskilningur og íslenskukunnátta 15 ára nemenda: Sérstaða Íslands og forspárþættir. Niðurstöður PISA 2000 og samræmdra prófa*. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt af [http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/serstakar/skyrsla\\_almar.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/serstakar/skyrsla_almar.pdf)

- Almar M. Halldórsson. (2011). *Kynjamunur í námsárangri í grunnskólum í Reykjavík samkvæmt PISA 2009 og samræmdum prófum*. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt af [http://strakar.files.wordpress.com/2011/09/skyrsla\\_namsmat\\_engin\\_nofn\\_28bls.pdf](http://strakar.files.wordpress.com/2011/09/skyrsla_namsmat_engin_nofn_28bls.pdf)
- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson. (2010). *Íslenskir nemendur við lok grunnskólans. Helstu niðurstöður PISA 2009 um leskilning og læsi í stærfræði og náttúrufræði*. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt af [http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/PISA\\_2009/pisa\\_2009\\_island.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/PISA_2009/pisa_2009_island.pdf)
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2010). Tengsl námsárangurs við viðhorf nemenda og foreldra til skólagöngu og við félagslegan bakgrunn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 7, 60–76.
- Bourdieu, P. (1979). Les trois etats du capital culturel. *Actes de la Recherche en Sciences Sociales*, 30, 3–6.
- Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A social critique of the judgement of taste*. London: Routledge.
- Bourdieu, P. (1990). *The logic of practice*. Stanford: Stanford University Press.
- Bourdieu, P. (1998). *Practical reason*. Stanford: Stanford University Press.
- Bourdieu, P. and Passeron, J.C. (1977). *Reproduction in education, society and culture*. London: Sage.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2009). Lestrarvenjur íslenskra bókaorma. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X. Félags- og mannvísindadeild* (bls. 569–77). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2012). Lestrarhestamennska: Heilnæmt og heillandi fjölskyldusport. *Tímarit máls og menningar*, 73(2), 57–67.
- Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2010). Bóklestur íslenskra unglunga í alþjóðlegu ljósi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI. Félags- og mannvísindadeild* (bls. 40–50). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- EMCDDA. (2009). *European Monitoring Center for Drugs and Drug Addiction*. Lisbon: Höfundur. Sótt 14. febrúar 2009 af <http://www.emcdda.eu>
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2006). Er „menningarlæsi“ ungs fólks að breytast? Athugun á lestri og tólmstundavenjum nemenda í 10. bekk. *Tímarit um menntarannsóknir*, 3, 60–81.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2010). The uses and challenges of the “New literacies”: Web 2.0 in education and innovation. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/009.pdf>
- Hibell, B., Guttormsson, U., Ahlström, S., Balakireva, O., Bjarnason, Th., Kokkevi, A. o.fl. (2012). *The 2011 ESPAD Report: Alcohol and Other Drug Use Among Students in 36 European Countries*. Stokkhólmur: Swedish Council for Information on Alcohol and Other Drugs.
- Hosmer, D. W. and Lemeshow, S. (1989). *Applied Logistic Regression*. New York: John Wiley and Sons.

Kristín Aðalsteinsdóttir, Kiris, A., Butler, C., Newman, E., Guðmundur Engilbertsson, Keleş, H. o.fl. (2010). *Learning and teaching children's literature in Europe: Final report*. Brussel: Framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins. Sótt af [http://www.um.es/childrens\\_literature/site/file.php/1/Deliverables/LTCL\\_final\\_Report.pdf](http://www.um.es/childrens_literature/site/file.php/1/Deliverables/LTCL_final_Report.pdf)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*.

National Literacy Trust. (2012). *Words for life*. London: Höfundur. Sótt 12. september 2012 af <http://www.literacytrust.org.uk/>

Norusis, Marija J. (1990). *SPSS Advanced Statistics User's Guide*. Chicago, IL: SPSS Inc.

OECD. (2011). *PISA in focus*, 8. París: Höfundur. Sótt af <http://www.oecd.org/pisa/pisainfocus/48624701.pdf>

Pompidou Group. (2009). *Council of European Pompidou Group*. Brussel: Evrópuráðið. Sótt 14. febrúar 2012 af <http://www.coe.int/T/dg3/pompidou>

Romme-Lund, H. (2007). *Hvad skaber en lystlæser? En undersøgelse gennemført i et samarbejde mellem Gentofte Bibliotekerne og Center for Børnelitteratur*. Kaupmannahöfn: Center for Børnelitteratur/Danmarks Pædagogiske Universitet.

Skóla og frístundasvið. (2012). *Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skola\\_og\\_fristundasvid/skjol/Vidhorf\\_foreldra\\_grunnskolarbarna\\_2012.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skjol/Vidhorf_foreldra_grunnskolarbarna_2012.pdf)

Strommen, L. T. og Mates B. F. (2004). Learning to love reading: Interviews with older children and teens. *Journal of Adolescent and Adult Literacy*, 48(3), 188–200.

Sørensen, S. og Damgaard, T. (2008). *Læselystkampagne: En kulturøkonomisk analyse om forholdet mellem mål, rammebetingelser, ressourcetræk og effekter*. Kaupmannahöfn: Styrelsen for Bibliotek og Medier.

Þorbjörn Broddason. (1992). Minnkandi bókhneigð ungmenna. *Skíma*, 15(3), 37–42.

Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir. (2009). Ný börn og nýir miðlar á nýju árpúsundi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X. Félags og mannvísindadeild* (bls.253–262). Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ.

Þóroddur Bjarnason. (1994). Bókhneigð og læsi íslenskrar æsku. *Ný menntamál*, 12, 6–11.

Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir. (í prentun). Breytingar á vímuefnaneyslu íslenskra unglunga í alþjóðlegu ljósi. Kafli í Árni Einarsson (ritstjóri), *Fíkniefni og forvarnir, handbók fyrir heimili og skóla*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.

Þóroddur Bjarnason, Andrea Hjálmsdóttir og Ársæll Már Arnarsson. (2010a). *Heilsa og lífskjör skólanema á höfuðborgarsvæði 2006–2010*. Akureyri: Rannsóknasetur forvarna.

Þóroddur Bjarnason, Andrea Hjálmsdóttir og Ársæll Már Arnarsson. (2010b). *Heilsa og lífskjör skólanema á Norðaustursvæði 2006–2010*. Akureyri: Rannsóknasetur forvarna.

Þóroddur Bjarnason, Andrea Hjálmsdóttir og Ársæll Már Arnarsson. (2010c). *Heilsa og lífskjör skólanema á Norðvestursvæði 2006–2010*. Akureyri: Rannsóknasetur forvarna.

Þóroddur Bjarnason, Andrea Hjálmsdóttir og Ársæll Már Arnarsson. (2010d). *Heilsa og lífskjör skólanema á Suðursvæði 2006–2010*. Akureyri: Rannsóknasetur forvarna.

Þóroddur Bjarnason, Birgir Guðmundsson og Kjartan Ólafsson. (2010). Towards a digital adolescent society? The social structure of the Icelandic adolescent blogosphere. *New Media and Society*, 13, 645–662.

Þórólfur Þórlindsson, Þóroddur Bjarnason og Inga D. Sigfúsdóttir. (2007). Individual and community processes of social closure: A study of adolescent academic achievement and alcohol use. *Acta Sociologica*, 50, 161–178.



Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir. (2012). Bóklausir og bókaormar: Tengsl menntunar og efnahags foreldra við yndislestur unglunga í alþjóðlegu ljósi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/004.pdf>